



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 4. nóvember 2011

Niðurstöður athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf.

Með vísan til 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með gagnsæistilkynningu um samandregnar niðurstöður athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf. miðað við 30. júní 2010 á grundvelli heimildar í 9. gr. laga nr. 87/1998. Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna í tengslum við athugunina með fundum í desember 2010. Auk þess fór stofnunin fram á frekari upplýsingar og gögn á tímabilinu nóvember 2010 til janúar 2011.

Athugunin beindist fyrst og fremst að flokkun lána Íslandsbanka hf. með veði í viðskiptahúsnæði í áhættuvogir. Jafnframt beindist hún að þekkingu, skilningi og viðhorfi starfsmanna bankans, gæðum upplýsingakerfa og hvernig hann væri í stakk búinn til að afhenda upplýsingar. Fjármálaeftirlitið lauk athuguninni með skýrslu dagsettri 1. júní 2011 eftir að Íslandsbanka hf. hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum sínum.

Fram kemur í skýrslu Fjármálaeftirlitsins að ákveðin atriði í framkvæmd Íslandsbanka hf. hafi verið aðfinnsluverð og eru helstu athugasemdir í skýrslunni eftirfarandi:

- Notkun Íslandsbanka hf. á 50% áhættuvog á lán tryggð að fullu með veði í viðskiptahúsnæði var ekki í fullu samræmi við reglur nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja. Framkvæmd bankans leiddi meðal annars í ljós að eiginfjárhlutfall í árshlutauppgjöri bankans miðað við 30. júní 2010 var metið of hátt.
- Skráningu upplýsinga og úrvinnslu þeirra vegna lána sem athuguð voru reyndist að hluta til ábótavant.

Fjármálaeftirlitið vill taka fram að framkvæmd Íslandsbanka hf. hafði óveruleg áhrif á eiginfjárhlutfall bankans og því ekki teljandi áhrif fyrir viðskiptamenn, kröfuhafa eða hluthafa bankans.

Með vísan til 10. gr. laga nr. 87/1998 fór Fjármálaeftirlitið fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni. Fjármálaeftirlitið beindi þeim tilmælum til Íslandsbanka hf. að yfirfara verkferla við útfyllingu eiginfjárskýrslna og endurskoða lána- og tryggingakerfi bankans. Fjármálaeftirlitið fór einnig fram á að stjórn Íslandsbanka hf. fæli innri endurskoðunardeild að yfirfara úrbætur bankans og skila stofnuninni skýrslu þess efnis.

Fjármálaeftirlitið mun uppfæra gagnsæistilkynningu þessa á vefsíðu stofnunarinnar þegar skýrsla Íslandsbanka hf. um úrbætur liggur fyrir.